

Borgarstjórn
15. janúar 2019

Tillaga borgarfulltrúa Miðflokksins og Flokks fólksins um að vísa skýrslu um Nauthólsveg 100 til héraðssaksóknara

Borgarstjórn samþykkir að vísa skýrslu innri endurskoðunar Reykjavíkur sem ber heitið Nauthólsvegur 100 til héraðssaksóknara til frekari yfirferðar og rannsóknar.

Greinargerð:

Innri endurskoðun hefur eftirlátið borgarfulltrúum úrvinnslu skýrslunnar og borgarfulltrúar verða að standa undir því trausti að rækja eftirlitshlutverk sitt sem kjörnir fulltrúar. Það er ábyrgðarhluti að ekki verði brugðist við eða aðhafst í kjölfar hennar. Mjög alvarlegar athugasemdir og ábendingar eru í skýrslunni m.a. um alvarleg lögbrot. Rökstyðjum við þessa ákvörðun okkar m.a. með 140 gr. og 141. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sem fjalla um skyldur opinberra starfsmanna í störfum sínum.